

Nr. 132 / 12 Jón Vídalín VE 82***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 1275 IMO nr. 7237987
Smíðaður: Muroran Japan 1972, stál
Stærð: 548,4 brl. 808,8 bt.
Mesta lengd: 55,82 m Skráð lengd: 51,45 m
Breidd: 9,5 m Dýpt: 6,5 m
Vél: Niigata 1691kW, 1986
Fjöldi skipverja: 15



Jón Vídalín ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 10. maí 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Ólafi K. Ármannssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. október 2012 var Jón Vídalín VE 82 á togveiðum á SV miðum. Veður: S 18 m/s og all mikill sjór.

Skipverji sem var við móttöku afla í lest var að koma fyrir tómu kari upp í stæðu þegar velta og hnykkur kom á skipið. Byrðin á skipverjann óx til mikilla muna og í staðinn fyrir að fá karið ofan á sig beitti hann meira afli og lyfti einnig undir með vinstri fætinum til að koma því á pláss. Fann hann þá að brast í hægra hné og fylgdi því sársauki.

Þar sem slysið var í lok túrsins hélt slasaði áfram vinnu en versnaði stöðugt í hnénu svo hann leitaði læknis við landtöku og kom þá í ljós að liðbönd höfðu tagnað. Hann varð óvinnufær í nokkrar vikur.

Við rannsókn kom fram:

- að stærð karsins var 300 lítra;
- að sögn slasaða þarf að endurstafila körunum stöðugt eftir því sem afli berst niður í lest.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.